

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10.
150 Reykjavík

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík, 19. febrúar 2010.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, 343. mál.

Neytendasamtökin telja að í sjálfu sér séu þær breytingar sem lagðar eru til á 19. gr. laganna, með 10. gr. frumvarpsins, um að Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir, til bóta. Hér er enda um fremur óljós hugtök að ræða sem þarfnast vissulega frekari skýringa við.


Hins vegar hafa samtökin ítrekað, bæði í erindum til stjórnvalda og í umsögnum við lagafrumvörp, vakið athygli á því að í mörgum tilvikum eru valdmörk eftirlitsstofnana óljós. T.a.m. hefur það valdið talsverðum vafa að hvaða leyti Fjármálaeftirlitið annars vegar og Neytendastofa hins vegar hafi eftirlit með starfsemi váttryggingafélaga.

Þá virðist í því frumvarpi sem hér er til umsagnar ekki á neinn hátt tekið á því hvernig eftirlit og reglur Fjármálaeftirlitsins um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti skarist á við það eftirlit sem Neytendastofu er falið með lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, en gildissvið þeirra laga er afar víðfeðmt, sbr. 1. og 2. gr. Neytendasamtökin telja afar brýnt að valdmörk stofnana séu skýr enda er annars hætt á því að almenningur viti ekki hvert hann á að leita með umkvartanir og fyrirspurnir og því að mál lendi á vergangi á milli stofnana.

Því telja samtökin afar brýnt að við lagasetningu á borð við þessa sé haft í huga það sjálfsagða markmið að eyða óvissu um hlutverk og valdsvið stjórnvalda. Telja samtökin því að skýrar þyrfti að koma fram í lögnum hvernig eftirliti þessara tveggja stofnana með fjármálafyrirtækjum er ætlað að vera háttað.

Að öðru leyti gera Neytendasamtökin ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Neytendasamtakanna,


Jóhannes Gunnarsson, formaður.